

HAFNARFJARÐARBÆR

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI 2013-2025

UPPLAND HAFNARFJARÐAR – NÝTT AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI VIÐ SNÓKALÖND VIÐ BLÁFJALLAVEG

SKIPULAGSLÝSING

LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI

SAMKVÆMT 30. GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

04.05.2021

UNNIÐ FYRIR HAFNARFJARÐARBÆ



HAFNARFJÖRÐUR



LANDSLAG

Efnisyfirlit

1	Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur.....	2
2	Staðhættir	2
3	Skipulagsleg staða	3
3.1	Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2015-2040	3
3.2	Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025.....	3
3.3	Deiliskipulag.....	3
4	Áhrifamat	4
5	Skipulagsferli	4
6	Kynning og samráð.....	5


1 Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt að hefja vinnu við breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 sem fellst í því að afmarkað verði nýtt Afþreyingar- og ferðamannasvæði, merkt AF5, á þegar röskuðu landi við Snókalönd við Bláfjallaveg.

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar, aðalskipulagsbreytingar í þessu tilfalli, taka saman lýsingu á skipulagsverkefningu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

2 Staðhættir

Það svæði sem breytingin nær til eru 15 ha. Svæðið er nálægt gatnamótum við Krýsuvíkurveg og er innan hverfisverndarsvæðis HVb5 og í jaðri Græna trefilsins, en talsvert utan við vatnsverndarsvæði. Svæðið er innan Kapellu- og Óbrinnishólakrauns en á þessu svæði er það raskað vegna fyrri efnistöku.



Mynd 1. Hluti Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025. Rauð útlína sýnir afmörkun þess svæðis sem breytingin nær til, bleik afmörkun nær til fyrirhugaðs afþreyingar og ferðamannasvæðisins AF5.

3 Skipulagsleg staða

Breyting á aðalskipulagi fellst í því að 15ha svæði sem er flokkað sem Óbyggt svæði (ÓB) er breytt í Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF5). Landnotkunarflokkurinn HVb5 verður óbreyttur.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir þetta svæði sem breyting aðalskipulagsins nær til.

3.1 Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2015-2040

Á svæðinu gilda ákvæði svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins er varðar aðgengi almennings að samfelldu útivistarsvæði ofan borgarbyggðarinnar.

3.2 Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025

Í greinargerð gildandi aðalskipulags er eftirfarandi umfjöllun um óbyggt svæði í kafla 2.2.15:

Almenn ákvæði:

Undir þennan flokk falla svæði með útivistargildi, þar sem aðeins er gert ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við útivist, öryggismál og fjarskipti. Ekki er gert ráð fyrir búsetu eða atvinnustarfsemi.

Uppland Hafnarfjarðar (ÓB1)

Í kaflanum um Uppland Hafnarfjarðar (ÓB1) kemur meðal annars fram að það er kjörið til útivistar og vinsælt sem slíkt.

Græni trefillinn, samfelld útivistar og skógræktarsvæði sveitarfélagana á höfuðborgarsvæðinu liggur um hluta upplands Hafnarfjarðar. Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð umfram það sem orðið er, og mestur hluti svæðisins er hverfisverndaður, sbr. kafla 2.2.23B.

Í greinargerð gildandi aðalskipulags er eftirfarandi umfjöllun um Hverfisverndarsvæði B HVb5 í kafla 2.2.23.

Kapellu- og Óbrinnishólakraun (bruni) (HVb5)

Hraunin eru með þeim yngstu í Hafnarfirði og skilja sig greinilega frá öðrum þar sem þau eru úfin kargakraun með samfelldri mosabembu. Neðsti hluti hraunanna hefur þegar verið nýttur til efnisvinnslu og er ætlaður sem iðnaðarsvæði. Þá eru námur við Óbrinnishóla og í miðjum Undirhlíðum.

Hverfisverndarákvæði nær til þess hluta hraunanna sem nú er óraskaður að frádregnum áætluðum byggingarsvæðum.

3.3 Deiliskipulag

Gert er ráð fyrir að deiliskipulag verði unnið fyrir svæði AF5 í nánustu framtíð. Viðfangsefni deiliskipulagsins verður m.a. að útfæra bílastæði, afmarka byggingarreiti og útfæra skilmála fyrir byggingar og starfsemi innan svæðisins.

4 Áhrifamat

Breyting á aðalskipulagi fyrir Snókalönd fellur ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem breytingin mun ekki fela í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

Aftur á móti verður gerð grein fyrir áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar á umhverfið, í samræmi við 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

5 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi breytingar á aðalskipulagi:

Maí 2021 Unnið að skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar vinnu við breytingu á aðalskipulagi. Eftir að skipulagslýsingin hefur verið afgreidd af skipulags- og byggingarráði og bæjarstjórn mun hún vera kynnt, auglýst og liggja frammi í þjónustuveri Hafnarfjarðar að Strandgötu 6, hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhelli 2 og á heimasíðu sveitarfélagsins: www.hafnarfjordur.is

Unnið að tillögu að breytingu á aðalskipulagi í samstarfi við skipulags- og byggingarráð og aðra hagsmunaaðila.

Júní 2021 Tillaga að breytingu á aðalskipulagi kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin fyrir á fundi skipulags- og byggingarráðs og á fundi bæjarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að gera athugasemdir.

Júlí-ágúst 2021 Tillaga að breytingu á aðalskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.

Ágúst 2021 Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin aftur fyrir á fundi skipulags- og byggingarráðs ásamt mögulegum athugasemdum og umsögnum sem borist hafa.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi samþykkt af skipulags- og byggingarráði og bæjarstjórn.

September 2021 Breyting á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að koma með athugasemdir. Geri Skipulagsstofnun ekki athugasemdir öðlast breyting á aðalskipulagi gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

6 Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við breytingu á aðalskipulagi verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir breytingu á aðalskipulagi.

Helstu samráðsaðilar:

- *Skipulagsstofnun*
 - *Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við breytingu á aðalskipulagi í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.*
- *Heilbrigðiseftirlitið*
- *Umhverfisstofnun*
- *Minjastofnun Íslands*
- *Viðeigandi nefndir og deildir Hafnarfjarðarbæjar*

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum innan skipulagssvæðisins í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi hjá þjónustuveri Hafnarfjarðar að Strandgötu 6, hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhelli 2 og á heimasíðu sveitarfélagsins: www.hafnarfjordur.is.